



Prófun á dráttarvélahjólborðum á grassverði.

Til hjólbarða á dráttarvélum eru gerðar ólíkar kröfur eftir því við hvaða aðstæður á að nota vélarnar. Varðandi hjólbarða sem notaðir eru að miklum hluta á grassverði eru aðallega gerðar kröfur um góða dráttarhæfni samtímis því að lágmarka skaðann á grassverðinum.

Við þýsku rannsóknastöðina DLZ hafa verið gerðar samanburðarprófanir á nokkrum fjölda dráttarvélahjólbarða við akstur á grassverði. Meðal annars voru bornar saman tvær gerðir af hjólborðum sem eru sérframléiddir til aksturs á grassverði. Þessir hjólbarðar voru af gerðinni “Continental AC 70 G og Kléber Super GL”.

Framleiðandi/ hjólbarðagerð	Svarðar- meðferð	Dráttar- hæfni	Þægindi og öryggi	Heildar- Einkunn
Continental AC 70 G 520/70R 38 grasbarðar	5,0	3,0	3,5	3,8
Kléber Super GL 520/7 0R 38 grasbarðar	5,0	4,0	3,5	4,2
Continental AC 65 600/65R 38	4,0	3,0	4,0	3,7
Firestone Radial 8000 520/70R 38	2,0	4,0	3,0	3,0
Firestone Radial 9000 600/65R 38	2,0	5,0	3,5	3,5
Goodyear DT 820600/65R 38	2,0	4,0	2,5	2,8
Michelin XM 108 600/65R 38	3,0	3,0	3,5	3,2
Vredestein Traxion+	4,0	4,0	5,0	4,3

600/65R 38				
Prielli TM 800	4,0	4,0	5,0	4,3
600/65R 38				
Kléber Traker	2,0	2,0	3,0	2,3
460/85R 38				

Tafla 1, Mat á ólíkum hjólbörðum (einkunn 5 best, 1 lakast).

Við prófanirnar reyndust þessir hjólbörðar með þeim bestu sem má meðal annars marka af því að þeir geta yfirfært 16-24 % meira dráttarafl án þess að valda meiri skaða á sverðinum. Jafnvel við skrik (spól) hjólanna á bilinu 10-15% voru skemmdirnar á sverðinum óverulegar.

Framleiðandi/ hjólbörðagerð	Hlífðarstuðull fyrir gróður			Dráttarafl			Aðbúnaður ökumanns. Þægindi		
	Skrikhlutfall	5%	10%	15%	5%	10%	15%	Veltingur	Titringur
Continental AC 70 G 520/70R 38 Grasbörðar	150	280	400	120	114	105	121	104	95
Kléber Super GL 520/7 OR 38 Grasbörðar	141	300	450	128	120	108*)	142	104	104
Continental AC 65 600/65R 38	133	260	200	123	116	113	170	113	114
Firestone Radial 8000 520/70R 38	91	140	150	133	118	110	134	85	95
Firestone Radial 9000 600/65R 38	108	160	150	161	140	125	100	108	100
Goodyear DT 820600/65R 38	108	200	100	130	124	117	100	59	85
Michelin XM 108 600/65R 38	133	220	250	113	111	107*)	134	113	104
Vredestein Traxion+ 600/65R 38	141	260	350	131	122	111*)	182	108	114
Prielli TM 800 600/65R 38	141	240	200	131	123	122	182	119	114
Viðmiðunarhjólb. Kléber Traker 460/85R 38	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Tafla 2. Niðurstöðutölur prófana metnar í hlutfalli (%) við viðmiðunarhjólbörða

Dráttaraflið á grassverði á viðmiðunarhjólbörðunum Kléber Traker var við 5% skrik 9,94 kN, við 10% skrik 16,85 kN og við 15% skrik 21,0 kN. Á opnum sverði (herfuðum) var dráttaraflið við 20% skrik 17,26 kN. Af

eðlilegum ástæðum er tekið fram að niðurstöðurnar varðandi dráttarafl miðast við viðkomandi skilgreindar aðstæður t.d. rakastig jarðvegs.

Tölugildin geta að sjálfsögðu breyst eftir ástandi gróðurs og jarðvegs.

Þessar athuganir sýna svo ekki verður um villst að mikils er um vert að menn íhugi vel hvaða gerðir hjólbarða eru notaðar á dráttarvélarnar. Það helgast meðal annars af því að hér á landi fer mestur hluti uppskerustarfa fram með dráttarvélum á túnnum. Túnin eru að sjálfsögðu misjafnlega viðkvæm gagnvart álagi frá hjólbörðum. Líklegt er að “bestu” túnin séu viðkvæmust og óheppilegir hjólbörðar valdi þar mestum skaða.

Hjóbarðagerðir	Athugasemdir
Continental AC 70 G	Mjög góðir upp í allt að 13% skrik.
Kléber Super GL	Góðir í allt að 15% skrik
Continental AC 65	Góðir í allt að 10% skrik, annars lélegir.
Firestone Radial 8000	Miklar skemmdir við skrik yfir 8-9%.
Firestone Radial 9000	Við skrik meira en 10% rifnar grasrótin upp þó það komi ekki í ljós strax
Goodyear DT 820	Við skrik meira en 10% rifnar grasrótin.
Michelin XM 108	Við skrik meira en 10% - lélegir.
Vredestein Traxion+	Góðir við skrik allt að 12% annars koma fram skemmdir í miðju hjólfari.

Tafla 3. Athugasemdir varðandi álag á grassvörð.

Í þessu samhengi þurfa innflytjendur á dráttarvélum að vera vel meðvitaðir um eiginleika barðanna þegar nýjar vélar koma frá framleiðendum. Að þeir kanni hvaða kostir eru í boði varðandi hjólbarða jafnhliða verðsamanburði gjarnan í samráði við kaupendur. Þetta er sérlega mikilvægt þegar haft er í huga að þeir hjólbörðar sem vélarnar koma á frá framleiðanda endast oft meiri hluta af endingartíma vélanna. Þá má í þessu samhengi minna á að sporvidd vélanna skiptir oft miklu máli. Flestar landbúnaðarvélar eru með felgur þar sem breyta má sporviddinni. Frá framleiðanda koma vélar oft í “þrengstu” stöðu það er með lágmarksvidd vegna flutningskostnaðar. Sjálfsagt er fyrir hvern og einn eiganda að breikka vélar að því marki sem vinnuvélar leyfa, jafnvel oft á ári eftir verkefnum enda er það tiltölulega fljótlegt með viðeigandi verkfærum.

Grétar Einarsson.

Heimildir: Lantmannen nr 7/2000, DLZ.

Vefheimildir: Lanbrugets Ráðgivningscenter, Danmörku.